

Miðvikudaginn 28. maí 1969.

Nr. 10/1969. **Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f**
(Benedikt Sveinsson hdl.)

gegn

Byr h/f

Frosta h/f

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum

Hafnarsjóði Ísafjarðar

Bæjarfógetanum í Keflavík

Bæjarfógetanum á Ísafirði og

Sýslumanni Ísafjarðarsýslu

Guðmundi Guðröðssyni

Flateyrarhreppi

Fiskveiðasjóði Íslands og

(Axel Kristjánsson hrl.)

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

og til réttargæzlu

Sjúkra- og styrktarsjóði

Verkalýðsfélagsins Skjaldar

Radiostofu Vilbergs & Þorsteins

Atvinnujöfnunarsjóði og Landsbanka Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Úthlutunargerð ógild og uppboðsafsal úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. desember 1968. Krefst hann þess, „að hin áfrýjaða afsalsgerð verði úr gildi felld og lagt fyrir uppboðshaldara Ísafjarðarsýslu að semja frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis m/b Hilmi II, KE 8, skv. 34. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, þar sem tekin sé til greina krafa áfrýjanda um greiðslu af uppboðsandvirðinu á kr. 277.069.00 auk

7% ársvaxta frá uppboðsdegi, 31. maí 1968, til greiðsludags, en synjað verði um greiðslu lögveðs- og sjóveðskrafna Sam-ábyrgðar Íslands á fiskiskipum, Hafnarsjóðs Ísafjarðar, bæjarfógetans í Keflavík, sýslumanns Ísafjarðarsýslu, Guðmundar Guðröðssonar og Flateyrarhrepps, að svo miklu leyti sem þær teljast fyrndar eða veðréttur þeirra niður fallinn, svo og verði greiðsla til Fiskveiðasjóðs Íslands lækkuð, að því leyti sem höfuðstóll kann að vera of hátt talinn og veðréttur fyrndur fyrir vaxtakröfu.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi þessara aðila allra, svo og hæstbjóðanda, Frosta h/f, uppboðspola, Byrs h/f, og ríkissjóðs vegna innheimtumannanna sinna og uppboðshaldarans í Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað“.

Stefndi Frosti h/f krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og að hið áfrýjaða uppboðsafsal verði staðfest og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Fiskveiðasjóður Íslands krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og að hið áfrýjaða uppboðsafsal og úthlutunargerð verði staðfest og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst sýknu, að því leyti sem málssóknin beinist gegn honum og innheimtummönnum ríkissjóðs, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu annarra stefndu hefur ekki verið sótt dómþing fyrir Hæstarétti.

Í uppboðsdómi Ísafjarðarsýslu 31. maí 1968 var eftir kröfu stefnda Fiskveiðasjóðs Íslands háð nauðungaruppboð á v/b Hilmi II, KE 8, eign stefnda Byrs h/f, eins og í hinni áfrýjuðu uppboðsgerð greinir, en hæstbjóðandi á uppboðinu var stefndi Frosti h/f, og samþykkti uppboðsdómari boð þetta með bréfi, dags. 5. júní 1968. Með bréfi, dags. 11. júní 1968, tilkynnti stefndi Fiskveiðasjóður Íslands uppboðsdómara, að hann væri samþykkur því, að stefnda Frosta h/f yrði gefið uppboðsafsal fyrir bátnum, enda skuldbindi stefndi Frosti h/f sig til að greiða stefnda Fiskveiðasjóði Íslands lán samkvæmt

veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 5.565.360.00, tryggt með 1. veðrétti í bátnum, auk þess sem stefndi Frosti h/f hefði samþykkt að greiða stefnda Fiskveiðasjóði Íslands kr. 1.860.000.00 samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu 6. júní 1968. Með áritun 23. september 1968 á veðskuldabréf stefnda Fiskveiðasjóðs Íslands var því lýst yfir, að stefndi Frosti h/f skuldbindi sig til að greiða áðurnefnda lánsfjárupphæð, kr. 5.565.360.00, auk vaxta.

Með bréfi, dags. 13. júlí 1968, til uppboðsdómara tilkynnti umboðsmaður áfrýjanda, að hann gæti f. h. áfrýjanda samþykkt, að stefnda Frosta h/f yrði gefið uppboðsafsal fyrir v/b Hilmi II, KE 8, gegn greiðslu eftirstöðva veðskuldar, er hvíli á 2. veðrétti í bátnum, kr. 242.566.00, ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 1. október 1967 til uppboðsdags, kr. 19.405.00, innheimtulaunum, kr. 13.098.00, og kostnaði, kr. 2.000.00, samtals kr. 277.069.00, auk vaxta frá uppboðsdegi til greiðsludags.

Áður en uppboðsafsal var gefið fyrir bátnum, var þörf á að semja frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis samkvæmt 34. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð og gefa uppboðsaðiljum síðan kost á að taka afstöðu til frumvarpsins. Þar sem uppboðsdómari lét það undir höfuð leggjast, ber að ógilda hina áfrýjuðu úthlutunargerð og svo fella úr gildi hið áfrýjaða uppboðsafsal, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða úthlutunargerð er ógild og hið áfrýjaða uppboðsafsal úr gildi fellt.

Málskostnaður fellur niður.

Uppboðsafsal uppboðsdóms Ísafjarðarsýslu 23. september 1968.

Ár 1968, mánudaginn 23. september kl. 1130, var uppboðsdómur Ísafjarðarsýslu settur í sýsluskrifstofunni á Ísafirði og haldinn af Jóhanni Gunnari Ólafssyni sýslumanni með undirrituðum vottum. Fyrir tekið: Uppboðsdómsmál nr. 3/1966: Að gefa út uppboðsafsal fyrir v/b Hilmi II, KE 8, eign Byrs h/f, Flateyri.

Í uppboðsdómi 31. maí 1968 var v/b Hilmir II, KE 8, eign Byrs h/f, Flateyri, seldur á nauðungaruppboði samkvæmt kröfu Fiskveiðasjóðs Íslands.

Hæstbjóðandi varð Frosti h/f, Súðavík, og var boð hans kr. 7.505.000.00 — sjö milljónir fimm hundruð og fimm þúsund krónur — og samþykkti uppboðshaldari boðið.

Uppboðsandvirðið greiðist þannig:

I. Lögveðs og sjóveðskröfur:

1. Samábyrgð Íslands	kr. 31.215.73	
2. Hafnarsjóður Ísafjarðar .. —	4.798.00	
3. Bæjarfógetinn, Keflavík, lestagjald	— 11.661.00	
4. Sýslumaður Ísafjarðarsýslu, tryggingariðgjald	— 31.861.50	
5. Guðmundur Guðröðsson, sjóveð	— 7.645.00	
6. Flateyrarhreppur, hafnar- gjöld	— 7.320.34	
		kr. 94.501.57

II. Veðkröfur:

1. veðréttur, Fiskveiðasjóður Íslands	kr. 5.565.360.00	
Upp í vexti	— 1.845.138.43	— 7.410.498.43

Samtals kr. 7.505.000.00

Hefur hæstbjóðandi þannig gert full skil á uppboðsandvirðinu.

Uppboðskostnaður ásamt stimpil- og þinglestrargjöldum nemur kr. 279.110.00, og hefur kaupandi greitt hann að fullu.

Veð á 2.—9. veðrétti falla niður, og skal afmá þau úr veðmálaskrá.

Vökvavinda með dælu og fylgihlutum, sem er í skipinu, er eign Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f.

Þar sem hæstbjóðandi hefur þannig samkvæmt framanskráðu fullnægt uppboðsskilmálunum, er honum hér með afsalað v/b Hilmi II, KE 8, til fullrar eigna og umráða.